**140. löggjafarþing 2011–2012.**
**Þingskjal 249 — 240. mál.**

# Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um útsendingar Ríkisútvarpsins.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Hvað líður framkvæmdum við að þétta dreifinet fyrir útsendingar Ríkisútvarpsins á landinu og eftir hvaða áætlunum er unnið?
2. Hversu margir sveitabæir á landinu ná ekki útsendingum Ríkisútvarpsins?
3. Hvar á landinu eru lökustu skilyrðin fyrir útsendingarnar?
4. Á hve löngum kafla þjóðvegar 1 má ætla að útsendingar Ríkisútvarpsins náist ekki?
5. Greiða þeir landsmenn sem ekki ná útsendingunum gjald fyrir þjónustuna?
6. Hvað má ætla að margir séu í þessum hópi?

**Skriflegt svar óskast.**